

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. reglnanna:

- a. liður 1. mgr. orðast svo:  
einstök námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess, sem myndað geta samstæða heild og eru faglega á ábyrgð háskóladeilda og eftir atvikum metin til eininga. Samstæð heild einingabærra námskeiða gegn gjaldi getur aldrei numið fleiri en 30 einingum í 90 eininga námi á meistarastigi og 40 einingum í 120 eininga námi á meistarastigi.
- b. Í lok b. liðar 1. mgr., á eftir orðinu „prófgráðu“, bætast við orðin: og lýtur sérstökum reglum.
- c. Á undan orðunum „b. lið 2. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr. bætast við orðin: a. lið 1. mgr. og.

#### 2. gr.

Á eftir 1. málsl. 4. mgr. 75. gr. reglnanna bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrki til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingu.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 9. október 2017.*

**Jón Atli Benediktsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*